

**Einleikur í Tjarnarbíói**



**Þú kemst þinn veg** F.v. Gardar Sölvi, Ivar Rafn og Finnboði Þorkell.

**Innsýn í líf manns með geðklofa**

Í tilefni af útgáfu bókarinnar **Glímt við geðklofa** eftir Ivar Rafn Jónsson sem byggist á sama efni og einleikurinn **Þú kemst þinn veg** verða tvær hátíðarsýningar á leikverki í Tjarnarbíói. Annars vegar kl. 20.30 í kvöld, fimmtudaginn 1. desember, og hins vegar á sama tíma sunnudaginn 4. desember.

Umræður verða með höfundi verksins, Finnboða Þorkelli Jónssyni, bókarhöfundi og Gardari Sólva Helgassyni en hvort tveggja bókinn og verkið byggja á sögu hans.

Verkið veitir einstaka innsýn í líf manns með geðklofa, líf á ófsahrada og líf þar sem einn dagur er tekinn fyrir einu og þannig sigrast á erfíðleikum. Fylgst er með persónunni Guðmanni halda fyrirlestur um Gardar Sólva, besta vin sinn og umburðarferð hans. Fyrirlesturinn tekur heldur óvænnt stefnu og þróast ekki beint eins og Guðmann ætlaði sér. Allt gengur á afturfótunum, einföldustu hluti verða flóknir og Guðmann strögglar við að leysa málin. Á köflum brýst leikhúsið inn í verkið líkt og ranghugmynd og það skásta sem Guðmanni dettur í hug að gera til að fela stressið er að „detta í“ að segja eina og eina sögu inn á milli þess sem hann ætlar sér að byrja fyrirlesturinn.

Bæði höfundur bókarinnar og höfundur einleiksins hafa unnið náið með Gardari Sólva. Í bókinni **Glímt við geðklofa** segir Gardar Sólvi sögu sína á einlægum og fræðandi hátt.

Allur hagnaður af sölu bókarinnar rennur til styrktar ferðafélagsins Viðsýnar sem er ferðafélag fólks með geðraskanir.

**Hvað á að gera við vélmennin?**

*Sjónvarpsþættirnir Westworld kveikja spurningar um hvað gerist þegar nær enginn munur virðist lengur á vél og manni.*

Asgeir Ingvarsson  
ai@mbl.is

Þeir sem hafa gaman af góðum vísindaskáldskap fengu heldur betur glaðning með þáttunum Westworld. HBO framleiðir þættina og eru þeir meðal annars sýndir á Stöð 2.

Sögusviðið er skemmtigarður, einhverntíma í fjarlægri framtíð, þar sem háþrúð vélmennir endurskapa ævintýraheim kúreka og indjána fyrir gesti. Sækja þættirnir innblástur til samnefndrar kvikmyndar frá árinu 1973. Þar fór Yul Brynner með aðalhlutverkið og Michael Crichton bæði skrifaði handrit og leikstýrði.

Einn af rauðu þráðunum í þáttunum er hvar mörkin á milli manns og vélar liggja. Vélmennirnir virðast svo mennsk og spurning hvort hönnuðir þeirra hafi óvart (eða viljandi) gengið of langt þegar þeir gáfu vélmenninum djúpt tilfinningalíf. Er þetta kunnuglegt þema, og hefur sést í ýmsum útfærslum. Fólk deilir t.d. enn um hvort sögupersóna Harrison Ford's í Blade Runner var mennsk eða ekki.

Kristinn R. Þórisson prófessor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík hefur lengi haft áhuga á þessu umræðuefni, og þeim heimspökilegu spurningum sem kvikna þegar sá möguleiki virðist innan seilingar að tæknin geti skapað einhvers konar vitsmunaveru, hvort heldur í formi ofurgreindrar



**Óvissa** Hvar liggja mörkin? Enn er deilt um hvort persóna Harrison Ford í Blade Runner var maður eða vélmenni.

tölvu eða vélmennis sem virðist mennskt í alla staði. „Þessar spurningar kveikja í alls konar djúpum hvötum sem eru í raun sameiginlegar öllum lífverum á plánetunni: að geta skynjað og greint hverjir eru líkir manni sjálfum og hverjir ekki.“

**Eins og hver önnur brauðrist?**

Að sögn Kristins yrði okkur líklega fyrirmunnað að skilja innra líf gervigreindra vélmenna með meðvitund. Upplifa þau tilveruna eins og við? Er sársauki fyrir þeim meira eða minna ekta en hann er fyrir okkur? „En ekki síður áhuga-verðar eru spurningarnar um hvaða áhrif þessi fullkomnu vélmennir myndu hafa á okkur sem menneskjur. Þætti okkur eðlilegt eða slæmt að koma illa fram við vélmennir sem væri nánast óáfinnlegt afrit af menneskjum? Væri jafn sjálfsagt að nýta þannig vélmennir sem þræla og þjóna rétt eins og við notum brauðristar og þvottavélur til að gera okkur lífið léttara? Áður en við getum svarað þessu þurfum við að skilja betur hvað meðvitund er – og það fyr-

irbærir virðist í flesta staði jafn duldarfullt nú og fyrir 2000 árum.“

Þarna er komið að öðru þema sem Westworld-þættirnir ranna: hvornig skemmtigarðurinn laðar fram innri mann gestanna. Hvað gerir fólk þegar allt er leyflegt og engin eftirmál af því að myrða, nauðga og misþyrma? Sumir gestanna finna sínar bestu hlíðar á meðan aðrir breytast í skrimslí. „Það er ekkert nýtt að hafa áhyggjur af því hvernig hegðun okkar, og þær upplifanir sem henni fylgja, geti haft slæmar og ófyrirséðar afleiðingar fyrir okkur seinna meir. Nærtækt dæmi er hugtak sem ég hef ekki fundið í neinu öðru þjóðfélagi en því íslenska; „að lesa yfir sig“, sem lýsir ótta þjóðfélagsins við menntun – að „of mikil“ menntun geti gert mann „klikkaðan“. Annað kunnuglegt dæmi eru áhyggjur af sjónvarpsglápi barna og unglinga, og hvort það að spila tölvuleiki sem snúast um að skjóta, brjóta og bramla, beini fólk frá hamingjusömu og heilbrigðu lífi. Svörin við þessu geta aldrei verið einföld, því fyrirbærin sem þar koma við

sögu, og samspil þeirra, eru margþætt.“

Um samskiptin við vélmennir í framtíðinni segir Kristinn erfitt að fullyrða hvort áhrifin gætu orðið til góðs eða slæms, rétt eins og ekki er hægt að fullyrða um áhrif sjónvarpsgláps og tölvuleikja. „Samspil mannhugans við umhverfið er flókið, og útilokað væri á þessum tímupunkti að ætla að setja fram alhlíða leiðbeiningar eða reglur til að koma í veg fyrir skaðlega þróun. Og jafnvel ef við vissum af hugsanlegum hættum er óvíst að við værum fær um að gera það skynsamlega í stöðunni, samþan aðgerðaleysi og seinagang vegna loftslagsbreytinga sem vitad hefur verið um í áratugi.“

**Samúð með Atlas**

Kannski gefur það einhverja vísbendingu um samspil manns og vélmenna hvernig netverjar brugðust við þegar upptökur birtast af prófunum tæknifyrirtækisins Boston Dynamics á róbótanum Atlas. Er um að ræða tækniundur sem líkast mannskepnunni ekki að öðru leyti en því að ganga upprétt á

Uppboð í 20 ár

**Jólauppboð**

í Gallerí Fold

mánudaginn 5. desember og þriðjudaginn 6. desember kl. 18



Bragi Ásgeirsson



Sigrunanglónadóttir

Forsýning á verkunum fimmtudag til þriðjudags

fimmtudag kl. 10–18, föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–16, sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–18 og þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is



**Kertastubbar ganga í endurnýjun lífdaga**

**Aðventukrans í anda naumhyggju og endurnýtingar**

Valgerður Þ. Jónsdóttir  
vjon@mbl.is

Jólaskreytingar eru alla jafna ekki kenndar við naumhyggju, enda augljós ófugmæli í því sem annars vegar er skreytt og hins vegar naumt. En undantekningin ku sanna flestar reglur. Aðventukransar eru tvímæla-laust jólaskraut og þeir eru til í öllum stærðum og gerðum – líka í anda naumhyggju og endurnýtingar. Ólafur Jens Sigurðsson, leikstjóri og leiklistarkennari, hefur búið til aðventukrans heimilissins í mörg herrans ár án þess að mikið hafi farið fyrir tiltækinu út á við. Í upphafi aðventu setti hann að ganni sínu mynd af handverkinu á Facebook og þá var ekki að sökum að spyrja, fyrirspurnir hrönnuðust inn og sömuleiðis pantanir. Kransinn er enda engum öðrum líkur, eða að minnsta kosti fáum. Efniviðurinn er – auk fjögurra kerta – einungis kertavax. Algjörlega til fyrirmyndar og eftirbreytni hvað endurnýtingu áhrærir. „Gömul hugmynd.“ segir Ólafur Jens. „Fyrir um tólf árum datt mér í hug að búa til krans úr kerta-afgöngum og hef allar götur síðan haft það að síð fyrir jólin. Einu sinni tókst mér þó hálfklúðurslega til því ég brenndi mig á vaxinu og varð



Vaxkrans Hægt er að skreyta aðventukransinn á ýmsa vegu.

Hann segir kransagerðina ekki tiltak-erfiða sem slíka, en tímfreka og nauðsynlegt sé að fara að öllu með gát. „Fyrst bræði ég gamla kertastubba og aðventukransinn frá í fyrri potti við vægan hita og gæti þess að halda vaxinu jafnheitu allan tímann. Síðan helli ég því í hringlaga mót eða skál og sker ofurvarlega gót fyrir kerten þegar vaxið er lítillega farið að storkna. Við þetta sullast það svolítið upp úr og því þarf að passa að halda yfirborðinu sléttu. Eftir hálfítima til þrjú korter er kertunum stungið í gótin. Mesta kústin



Þegar eru ekta tilfinningar milli Evan Rachel Wood og James Marsden?



Þingur Vélmanninn í Westworld eru notuð sem leikföng ríka fólksins.



Rutger Hauer fyllti áhorfendur skelfingu og samúð í Blade Runner.



Morgunblaðið/Ófeigur

Þingur heima Ólafur Jens ásamt börnum sínum, Lóu, Auði og Snorra.

mar í mótinu, en það getur tekið örlíftíma. Í blálokin bræði ég örlíftíma vax sem ég nota til að jafna bræðið.

undirstríkar látleysið

hvíti liturinn vera partur af látleysinu sem ég vildi upphaflega ná fram. Hins vegar má nota alls konar lit kerti, bara eftir smekk hvers og eins, sem og skreyta kransana með greni, kúlum og þviumlíku ef menn vilja.

tveimur fótum, vera með búk og tvo handlegg. Mörgum þótti ljótt að sjá tæknimenn prófa getu Atlas með því að hrinda og ýta róbbót-anum.

Þannig gætu fyrstu skrefin í átt að því að koma í veg fyrir slæma meðferð róbbóta byggst á svipuðum tilfinningalegum og heimspekilegum rökum og þau lög sem tryggja velferð dýra. Mætti t.d. leita fanga í skrifum Immanuel Kants sem varaði við slæmri meðferð á dýrum á þeim forsendum að grimmid í garð dýra gæti hæglega smitað út frá sér og birst í forni grimmidar í garð annarra manna. Ef Kant hefur rétt fyrir sér þá myndi það varla boða gott ef mætti umgangast nær mennsk vélmanni með engu minni tillitsemi og virðingu en við umgöngumst ryksugu eða örybylgju-öfn.

Ætli Descartes eða Thomas Aquinas, sem voru meira harðbrjóstá í garð dýra, myndu umgangast vélmanni með vitund með öðrum hætti? „Ef vélmanni myndi segjast vilja frelsi, hefur sú setning sömu merkingu eins og ef manneskja segði hana? Vísindamenn hafa smíðað tölvur sem geta sigrað stórméistarar í skák, en þær vélar hafa engan skilning á samhengi aðgerða sinna eða raunveruleikanum. Við myndum þurfa að svara spurningunni hvort vélin sem biður um frelsi hafi einhvern skilning á því sem hún er að segja. Til þess þurfum við haldbæra kenningu um hvað skilningur er, en í dag er þannig kenningu hvergi að finna.“

#### Framtíðin er langt í burtu

Kristinn telur langt í að víti borin og manneskjuleg vélmanni fari að sjást annars staðar en í sjónvarpi og bíómyndum og því enn of snemmt að reyna að svara mörgum þessara spurninga. „Ef við skoðum þróunina í tölvuleikjum þá virðist kapphlaupið við að ná fram sem mestu raunsæi vera eins og í kapphlaupi Akkílesar og skjaldbökkunnar, að með hverju skrefi fram á við er eins og markíð sé enn óralangt í burtu. Að ætla að búa til vélmanni sem er óaðfinnanlega líkt manneskju í útliti og hegðun er verkefni sem gæti tekið nokkur þúsund ár. Nema kannski ef ofurgreind vél í okkar nánustu framtíð finnur útúr því hvernig gera megi það fyrir.“

#### Listasafn Reykjavíkur



Jól Jólavættirnar tengja Jólaborgina Reykjavík við íslenska sagnahefð.

### Friðarfundur og jólavættir

Í Listasafni Reykjavíkur er ýmislegt á döfinni. Kl. 20 í kvöld, fimmtudag 1. desember, heldur Amnesty International friðarfund í tengslum við sýningar í Hafnarhúsi sem fjalla um stríðsátök og vonir um heimsfrið. Bryndis Bjarnadóttir, herferðastjóri Íslandsdeildar, fjallar um mannréttindahugtakið í víðu samhengi og mannréttindaverndina eins og hún birtist í starfi hreyfingarinnar.

Á morgun, föstudaginn 3. desember, verða allar jólavættir borgarinnar búnir að koma sér fyrir bæði í Hafnarhúsi og

á Kjarvalsstöðum, og munu þeir gleðja safngesti til 6. janúar. Samhlíða fer af stað ratleikurinn Leitinn að jólavættinum, sem byggist á að finna vættirnar á húsveggjum borgarinnar og svara léttum spurningum um þær.

Opin vinnustofa fyrir fjölskyldur verður í Hugmyndasmíðunni á Kjarvalsstöðum kl. 11 –13 þrjú næstu laugardaga, 3., 10., og 17. desember. Berglind Jóna Hlynsdóttir, myndlistarkona, aðstoðar þátttakendur við að skilgreina jóla-skap og skapa eitthvað úr því.



# HVAR ER NÆSTA VERKSTÆÐI?

Um 3000 þjónustufyrirtæki eru á skrá hjá **finna.is**

**FINNA** ÞÚ FINNUR ALLT Á **FINNA.IS**

## Afsláttarhelgi

### 20% af öllum vörum

til 4. desember



# LAURA ASHLEY